

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

197. FUNDUR.

197. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 12. apríl árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 7. lið. Ályktun um stjórn fiskveiða og veiðigjöld. Samþykkt samhljóða.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður byggðarráðs kynnti.

Fundargerð 741. fundar frá 12. mars s.l. Fundargerð í 11 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 4. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela tæknideild sveitarfélagsins að taka skipulagsmál í fyrrum Bæjarhreppi til sérstakrar skoðunar og leggja fyrir sveitarstjórn tillögur þar að lútandi ef þörf er á.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 7. dagskrárlið.

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi yfirlýsingu vegna starfsleyfistryggingar sveitarfélagsins á urðunarsvæði Húnaþings vestra að Syðri-Kárastöðum:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitarfélagsins að Syðri-Kárastöðum, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu sveitarstjórnar Húnaþings vestra er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 41. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.“

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 742. fundar frá 19. mars s.l. Fundargerð 3 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að óska eftir fundi með fulltrúum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna fasteigna sem eru í sameign Húnaþings vestra og ríkisins.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra, oddvita og forstöðumanni tæknideildar að leita eftir viðræðum við fulltrúa Orkustofnunar og Forsætisráðuneytisins um atriði er snerta nýtingu jarðvarma á hverasvæðinu að Reykjum í Hrútafirði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 743. fundar frá 26. mars s.l. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 6. dagskrárliður og samþykktur

með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 744. fundar frá 2. apríl s.l. Fundargerð í 11 liðum. Eftirfarandi tillaga lögð fram við 2. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta tímabundið útgáfu framkvæmdaleyfis til Orkufjarskipta hf. vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara frá Blönduvirkjun að spennivirki við Hrutatungu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að óska eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands framkvæmi úttekt á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á landsvæði í eigu Húnaþings vestra. Þess verði einnig óskað að stofnunin leggi mat á aðrar mögulegar lagnaleiðir og virði þess lands sem um ræðir, mögulega röskun þess og virðisrýrnun verði umbeðið framkvæmdaleyfi veitt. Úttekt þessi fari fram nk. sumar og að henni lokinni verður umsókn Orkufjarskipta hf. að nýju tekin til umfjöllunar og afgreiðslu í sveitarstjórn Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerðir nefnda.

2. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 124. fundar frá 28. mars s.l. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 129. fundar frá 7. mars s.l. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 130. fundar frá 21. mars s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 131. fundar frá 4. apríl s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir Landbúnaðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 110. fundar frá 19. mars s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 111. fundar frá 4. apríl s.l. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð menningar- og tómstundaráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 104. fundar frá 19. mars s.l. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 208. fundar frá 4. apríl s.l. Fundargerð í 9 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1a,

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag austan Norðurbrautar á Hvammstanga eftir að viðeigandi lagfæringar hafa verið gerðar á því v/ athugasemda

Skipulagsstofnunar. „ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við dagskrárlið 1b „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að auglýsa og kynna skipulagslýsingu v/ nýrrar þjónustulóðar í landi Melstaðar í Miðfirði í tengslum við fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 2. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa tillögu skipulags- og umhverfisráðs um niðurfellingu reglna um byggingu smáhýsa á íbúðarlóðum til frekari skoðunar starfshóps um endurskoðun samþykta í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 5. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir, með fyrirvara um fullnægjandi gögn, umsókn Karls Sigurgeirssonar f.h. Fasteignafélagsins Borgar ehf. um byggingarleyfi vegna breytinga að Höfðabraut 34 á Hvammstanga.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Lögð fram eftirfarandi tillaga við 8. dagskrárlið

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að úthluta Reykjahöfða ehf. lóðinni Kirkjuhvammsvegur 2 á Hvammstanga til byggingar smáhýsa. Samþykktin er með fyrirvara um fullnægjandi gögn og að Skipulagsstofnun afgreiði fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu af umræddu svæði án athugasemda.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að standa að ályktun fjölmargra sveitarfélaga á landsbyggðinni um fyrirbyggjandi frumvörp ríkisstjórnarinnar til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld. Ályktunin var lögð fram á fundinum og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 17:15

Leó Örn Þorleifsson.

Gunnar Þorgeirsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Elín R. Líndal

Þorbjörg I. Ásbjarnardóttir.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari